

Gos í Eyjafjallajökli - staða 12. maí 2010 kl. 15:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Steinunni S. Jakobsdóttir, Gunnari Sigurðssyni, Birni Oddssyni, Sigrúnu Hreinsdóttur.

**Byggt á:** Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurradar, vefmyndavélum, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og NOAA gervihnattamynd.

**Gosmökkur:**

**Hæð (m.y.s.):** er að jafnaði um 4-5 km skv. veðurratsjá en fer hæst í um 6 km.

**Stefna:** Austsuðaustur (skv. veðurkortum og gervitunglamynd NOAA).

**Litur:** Grár.

**Gjósकुfall:** Tilkynningar um öskufall í Vík í Mýrdal og í Meðallandi, Skaftárhreppi. Rykmistur og skyggni um 200 – 300 m á Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.

**Eldingar:** Fjöldi eldingar mældust á eldingamælum bresku veðurstofunnar á tímabilinu frá klukkan 15:17 í gær fram að hádegi í dag.

**Drunur:** Engar tilkynningar.

**Bræðsluvatn:** Rennsli við Gígjökul er lítið eins og undanfarna daga. Á vefmyndavélum sjást meiri gufubólstrar við hraunjaðarinn en í gær, svo líklega hefur ísbráðnun aukist.

**Aðstæður á gosstað:** Gosvirkni virðist svipuð og í gær, samkvæmt vefmyndavélum og mælitækjum. Heldur dregur úr gosmökknun.

**Órói:** Óróinn er nokkuð stöðugur og hefur verið svipaður síðustu sólarhringa.

**Jarðskjálftar:** Aðeins örfáir skjálftar mældust undir jöklinum seinasta sólarhring, allir undir stærð M1 2.

**GPS-aflögun:** Færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig.

**Heildarmat:** Gosvirknin virðist nokkuð stöðug núna. Mökkurinn hefur minnkað lítillega frá því í gær. Ekkert bendir til þess að gosinu sé að ljúka.